

Umhverfisnefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/429
komudagur 6-12.2005

GHE 00.70 5. desember 2005

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þakkar fyrir að fá að koma að athugasemdum varðandi frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, 314. mál.

Heilbrigðiseftirlitið telur aðalatriðið að lög in verði höfð skýr ef vilji löggjafavaldsins er að fela faggiltum skoðunarstofum hluta af opinberu eftirliti.

Í ljósi þess er eftirfarandi ábendingar settar fram:

Innra eftirlit og opinbert eftirlit.

Í lög um hollustuhætti og mengunarvarnir þarf að setja skilgreiningar á hugtökunum “innra eftirlit” og “opinbert eftirlit”. Æskilegt er að skilgreiningar verði settar í 3. gr. laganna. Þessi hugtök hafi verið í notkun fyrir tilkomu þessa frumvarps. Augljós hugtaka ruglingur virðist vera komin af stað. Í athugasemdum við lagafrumvarpið er gengið út frá því að aðalskoðun, samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim sé innra eftirlit, en svo er ekki.

Aðalskoðun, eins og þar er krafist, er ákveðið eftirlit sem ráðherra krefst í reglugerðinni að verði framkvæmt til verndar almenningi, notendum þjónustunnar eða umhverfis. Aðalskoðun á að framkvæmast af aðila sem hlotið hefur til þess faggildinga (sbr. reglug. nr. 607/2005). Umrætt eftirlit er hluti af opinberu eftirliti. Með frumvarpinu er verið að gefa aðilum með faggildinga kost á að sinna hluta hins opinbera eftirlits. Vegna smæðar fyrirtækja hér á landi og mikils faggildinga-kostnaðar eru mestar líkur á að framkvæmdin verði í höndum sjálfstætt starfandi aðila fremur en einstaklinga innan viðkomandi fyrirtækis eða bæjarfélags.

Daglegt eftirlit (reglubundin yfirlitsskoðun samk. reglugerð 942/2005) sem fyrirtækið lætur starfsmenn sína eða aðra framkvæma er í eðli sínu innra eftirlit. Það er gert til að tryggja að kröfur í starfsleyfi, lögum og reglugerðum séu uppfylltar. Virkt innra eftirlit leiðir til tafarlausra úrbóta og aukinnar þekkingar og færni innan fyrirtækisins. Ef vel tekst til með innra eftirliti staðfestir opinbert eftirlit gæði þess en ef hnökra finnast situr það fram ábendingar og aðfinnslur sem forsvarsmenn vinna úr.

Hafa má til hliðsjónar skilgreiningar í lögum um matvæli 93/1995 en þar eru eftirfarandi skilgreiningar:

- “innra eftirlit er eftirlit á vegum framleiðanda eða dreifanda í þeim tilgangi að tryggja, gæði, öryggi og hollustu vörunnar.”
- “opinbert eftirlit er eftirlit á vegum stjórnvalda í þeim tilgangi að tryggja að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um matvæli og stuðla að fræðslu og upplýsingamiðlun”

Ofanskráðar skilgreiningar úr lögum um matvæli er skýrar. Nauðsynlegt er að aðlaga fyrr en síðar “texta” í skilgreiningum í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir að þeim texta með markmið laganna um hagsmuni umhverfis og almennings að leiðarljósi.



Verði framkomin tillaga að lögum þarf að kveða skýrar á um, að ef innra eftirlit sætir úttekt “í heild” verði úttekin að meta hvort virk framkvæmd sé á kerfinu (innra eftirlitinu). Það atriði eitt skiptir umhverfi og almenning máli.

Viðurlög.

Með þeirri nálgun í eftirliti, sem verið er að lögleiða, er jafnframt nauðsynlegt með hag almennings í huga að hafa trúverðuleika til staðar. Æskilegt er að yfirfara um leið kaflann um viðurlög í nágildandi lögum um hollustuhætti og mengunaryarnir. Ekki er óeðlilegt að taka mið af lögum um vog, mál og faggildingu í því samhengi. Í lögum nr. 100/1992 “Lög um vog, mál og faggildingu” er í viðurlagakafla eftirfarandi ákvæði:

- “Dæma má fésekt jafnframt fangelsi ef skilyrði 49. gr. almennra hegningarlaga eru fyrir hendi.”
- “Sá sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd laga þessara, rangar skýrslur skal sæta refsingu skv. XV. kafla almennra hegningarlaga.”
- Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögaðilanum.
- Dæma má upptöku eigna skv. 69. gr. almennra hegningarlaga í máli er rís vegna brota á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.

Kostnaður fyrirtækja

Í fylgiskjali er gerð grein fyrir að fjárlagaskrifstofa Fjármálaráðuneytisins hafi komist að þeirri niðurstöðu að kostnaðarauki verði ekki fyrir ríkissjóð, verði frumvarpið að lögum. Gera verður athugasemd við þá niðurstöðu. Kostnaðardæmið er miklu meira en lagt hefur verið mat á.

Mjög varasamt er t.d. að álykta að um einföldun í eftirlit sé að ræða. Meiri líkur eru á að verið sé að auka eftirlit og kostnaður kemur þá til með að falla á atvinnulífið og sveitarfélög. Sennilega, fellur til að gera lítill kostnaður á ríkissjóð vegna reglugerðar nr. 942/2002 m.s.b. enda tilheyra fáir leikvelli og leikvallatæki stofnunum hans. Kostnaður fyrirtækja og þó einkum sveitarfélaga af reglugerðinni verður hins vegar í framtíðinni umtalsverður en vegna mikilvægis var það talið réttlæt看legt þegar reglugerðin var sett. Það er hins vegar mjög hæpið að ganga út frá því að ráðherra telji að aðeins eigi að nýta umrætt heimildarákvæði fyrir leikvelli og leikvallatæki.

Sú litla reynsla sem þegar er komin af breytingu 945/2005 á reglugerð 942/2002 bendir eindregið til þess að krafa um faggildingu á tilteknum þáttum í opinberu eftirliti muni leiða til umtalsverðs kostnaðarauka. Fram hjá því má ekki líta. Það er svo annað mál hvort ávinningur sem af hlýst réttlætir hann.

Virðingarfyllst,
f.h. heilbrigðiseftirlitsins.



Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdarstjóri.